



Bæjarstjórn Garðabæjar 3. (973)/2026

Boðað er til 3. (973). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. febrúar 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2601022F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/1 '26.
2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029) - Hagræðing
2. 2601035F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/1 '26.
3. 2601048F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/2 '26.
2501011 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Garðprýði 1 - Deiliskipulagsbreyting.
2509095 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt N - Dsk.br. leikskóla- og þjónustulóð.
2409103 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag.
2410080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting.
4. 2601014F - Fundargerð leikskólanefndar frá 14/1 '26.
5. 2601021F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 16/1 '26.
6. 2601039F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/1 '26.
7. 2601008F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 15/1 '26.
8. 2601012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 14/1 '26.
9. 2601044F - Fundargerð velferðarráðs frá 30/1 '26.
10. 2601374 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 19/1 '26.
11. 2501405 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 10/11 og 10/12 '25.
12. 2601279 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 14/1 '26.
13. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 19/1 '26.



14. 2601376 - Fundargerð Stefnuráðs byggðasamlaganna frá 7/11 '25.
15. 2601544 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 23/1 '26.
16. 2601508 - Fundargerð stjórnar SHS frá 9/1 '26.
17. 2408215 - Stofnun nýrra félaga Sorpu bs. vegna ESA máls.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
2. (972). fundur 2026

Fimmtudaginn 15. janúar 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 6. janúar 2026 er lögð fram. Gunnar Valur Gíslason tók til máls. Guðlaugur Kristmundsson tók til máls.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2512035F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/12 '25.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 4.tl. skýrslu Jafnréttisstofu - umönnunarbilið og þjónustu sveitarfélaga og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Garðabæjarlistinn fagnar skýrslu Jafnréttisstofu og kallar eftir því að í Garðabæ verði áhrif breytinga á leikskólaumhverfinu á jafnrétti kynjanna og á stöðu jaðarhópa metin með formlegum hætti."

Björg Fenger ræddi 4.tl. skýrslu Jafnréttisstofu - umönnunarbilið og þjónustu sveitarfélaga.

Almar Guðmundsson ræddi 4.tl. skýrslu Jafnréttisstofu - umönnunarbilið og þjónustu sveitarfélaga, 2.tl. lóð fyrir hjúkrunarheimili í Vetrarmýri og 6.tl. erindi Skáksambands Íslands varðandi stuðning við Íslandsmótið í skák 2026.

Fundargerðin sem er 8.tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2601005F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/1 '26.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 9.tl. bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi árshelmingsskýrslu Betri samgangna ohf.

Almar Guðmundsson ræddi 9.tl. bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi árshelmingsskýrslu Betri samgangna ohf.

Fundargerðin sem er 12.tl. er samþykkt samhljóða.

2507363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Krókamýri 14.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. janúar 2026 varðandi fyrirspurn húseiganda að Krókamýri 14 um viðbyggingu við húsið til austurs. Húsið er parhús og liggur fyrir yfirlýsing meðeigenda að þau geri ekki athugasemd við útfærsluna. Ekkert deiliskipulag telst í gildi í Mýrum. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni sem fylgdi fyrirspurninni til grenndarkynningar sem umsókn um byggingarleyfi í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr.

123/2010. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Krókamýri 8, 10 og 12, Fífumýri 1, 2 og 14 sem og Löngumýri 9, 11, 13 og 15.

2502084 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingareits.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. janúar 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Búða sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á baklóð að Gilsbúð 9 og niðurfellingu kvaðar um holræsi að lokinni grenndarkynningu ásamt athugasemd sem borist hefur. Gerð er athugasemd við að byggingarreitur sé stækkaður í átt að lóðum við Smiðsbúð og að fjarlægð á milli byggingarreita sé minni en 8 metrar. Skipulagsnefnd benti á að í deiliskipulagi Búða eru dæmi þess að fjarlægð á milli byggingarreita er álíka mikil og tillagan gerir ráð fyrir. Við veitingu byggingarleyfis fyrir viðbyggingu verður að tryggja að fullt tillit sé tekið til nálægðar og kröfur um brunavarnir uppfylltar. Einnig var gerð athugasemd við neikvæð áhrif á ásynd en skipulagsnefnd telur vel hægt að útfæra byggingu þannig að ásynd sé sambærileg við aðrar atvinnubyggingar á sama skipulagssvæði. Með vísan í ofangreint samþykkir skipulagsnefnd tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Búða í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

2512238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Votakur 3 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. janúar 2026 varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akra sem nær til lóðarinnar Votakur 3. Gert er ráð fyrir stækkun ytri byggingarreits til vesturs þar sem heimilt yrði að stækka kjallara og útbúa svalir ofan á viðbyggingu. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísaði henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Votakri 1 og 5 og Stórakri 2, 4, og 6.

3. **2601003F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 7/1 '26.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina.

Björg Fengler ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina.

Guðlaugur Kristmundsson tók til máls að nýju og ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls að nýju og ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026 og fundargerðina, 3-28.gtl. umsóknir um ferðastyrki íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar og 2.tl. afreksstyrki 2026 - fyrri úthlutun.

Bæjarstjórn óskar íþróttafólki Garðabæjar og sjálfboðaliðum til hamingju með frábæran árangur í íþróttum á árinu 2025.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2512027F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/12 '25.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 1.tl. verklagsreglur starfsmanna í leikskólum Garðabæjar, 2.tl. leikskólar starfsáætlun 2024-2025, umbótaáætlun 2025-2026 og 3.tl. úthlutunarreglur vegna stoðþjónustu.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2601002F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/1 '26.

Björg Fenger ræddi 10.tl. deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi - endurskoðun og fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2507256 - Gjaldskrá stuðningsþjónustu Garðabæjar 2026.

Lögð fram gjaldskrá stuðningsþjónustu í Garðabæ 2026. Gjaldskráin fylgdi fundarboði og er vistuð í fundargátt.

Gjaldskráin er samþykkt samhljóða.

7. 2512252 - Úthlutunarreglur vegna stoðþjónustu í leikskólum Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutunarreglur vegna stoðþjónustu leikskóla.

8. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 10/12 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 28/11 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2502221 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 20/10 - 22/12 '25.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi hleðsluútboð í fundargerðum 20. október 2025, 22. október 2025, 5. nóvember 2025, 14. nóvember 2025 og 12. desember 2025. Þá ræddi hann nýtt félag í fundargerðum 12. desember 2025, 17. desember 2025 og 22. desember 2025.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi nýtt félag í fundargerðum 12. desember 2025, 17. desember 2025 og 22. desember 2025.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi nýtt félag í fundargerðum 12. desember 2025, 17. desember 2025 og 22. desember 2025.

Guðlaugur Kristmundsson tók til máls að nýju og ræddi nýtt félag í fundargerðum 12. desember 2025, 17. desember 2025 og 22. desember 2025.

Almar Guðmundsson ræddi nýtt félag í fundargerðum 12. desember 2025, 17. desember 2025 og 22. desember 2025.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

11. 2502040 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 17/12 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. janúar 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 15. janúar 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Björnadóttir

Alm

Björg S. meir

Gunnar Valur Guðn

Sigr. Hrudr Jóns

~~T. meir~~

Þorbjörg Þorvaldadóttir

Jóhann Björgi Guðsson

Andri

Andri

Bæjarráð Garðabæjar

2. (2197). fundur 2026

Þriðjudaginn 20. janúar 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029) - Hagræðing

Bæjarstjóri kynnti útfærslu hagræðingar vegna fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir 2026. Hagræðingarkrafa nemur alls kr. 200.000.000 og skiptist eftirfarandi á milli sviða:

1. Velferðarsvið kr. 50.000.000. Hlutfall hagræðingar 1,0%
2. Fræðslu- og frístundasvið kr. 80.000.000. Hlutfall hagræðingar 0,4%.
3. Umhverfissvið kr. 50.000.000. Hlutfall hagræðingar 1,4% (án eignasjóðs).
4. Þjónustu- og þróunarsvið kr. 15.000.000. Hlutfall hagræðingar 2,0%.
5. Fjármála- og stjórnsýslusvið kr. 5.000.000. Hlutfall hagræðingar 0,5%.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi hagræðingartillögur við fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026-2029).

2. 2512299 - Kaldakur 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðrúnu G. Johansen Steindórsdóttur, kt. 120571-3629, leyfi til að breyta fylgirými F yfir í T, að Kaldakri 8.

3. 2510311 - Miðhraun 22 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Top trading ehf., kt. 410217-0740, leyfi fyrir milligólf og breytingum á innra fyrirkomulagi atvinnuhúsnæðis að Miðhrauni 22.

4. 2408215 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi viðbrögð við niðurstöðu ESA vegna tekjuskattsundanþágu Sorpu bs., dags. 16.01.26.

Bæjarstjóri kynnti stöðu málefna Sorpu bs. varðandi viðbrögð við niðurstöðu ESA um tekjuskattsundanþágu.

5. 2601280 - Beiðni Skátafélagsins Vífils og Hjálparsveitar skáta í Garðabæ um niðurfellingu fasteignagjalda 2026, dags. 13.01.26.

Bæjarráð samþykkir að veita Skátafélaginu Vífli og Hjálparsveit skáta í Garðabæ styrk að fjárhæð kr. 5.647.313 til greiðslu fasteignagjalda árið 2026.

6. 2601282 - Beiðni Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um niðurfellingu fasteignagjalda 2026, dags. 15.01.26.

Bæjarráð samþykkir að veita Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa styrk að fjárhæð kr. 2.423.935 til greiðslu fasteignagjalda árið 2026.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 20. janúar 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar

3. (2198). fundur 2026

Þriðjudaginn 27. janúar 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509268 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2025 - kynning

Á fund bæjarráðs mætti Matthías Þorvaldsson, starfsmaður GI rannsóknna ehf. og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum þjónustukönnunar meðal íbúa Garðabæjar á árinu 2025. Ánægja íbúa með þjónustu bæjarins hækkaði á árinu 2025 miðað við árið áður. Könnunin leiðir í ljós að íbúar í Garðabæ eru þegar á heildina er lítið ánægðir með Garðabæ sem sveitarfélag til að búa í.

Hulda Hauksdóttir deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

2. 2601008 - Samfélags- og viðburðarhús í Garðabæ.

Á hátíðarfundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 6. janúar 2026 var samþykkt tillaga bæjarstjórnar að vinna að byggingu samfélags- og viðburðarhúss í bænum. Var bæjarráði falin framkvæmd samþykktarinnar.

Bæjarráð vísar málinu til skoðunar á þjónustu- og þróunarsviði og umhverfissviði til undirbúnings þarfagreiningar, staðsetningar, hönnunar og framkvæmda.

3. 2601404 - Útboð - Stækkun Tónlistarskóli.

Bæjarráð felur umhverfissviði að bjóða út fyrirhugaða stækkun á tónlistarskólanum að Kirkjulundi 11 í Garðabæ í samræmi við deiliskipulagsuppdrátt. Um er að ræða u.þ.b. 590 m² viðbyggingu á einni hæð ásamt 14 m² kjallara. Gert er ráð fyrir opnu svæði með aðgangi að kennslustofnum, slagverkssal, blásarasal, salerni, kaffistofu og geymslu. Nýja viðbyggingin verður með inngang frá eldri byggingu.

4. 2405295 - Útboð - Flataskóli suðurálma.

Bæjarráð felur umhverfissviði að óska aftur eftir tilboðum verktaka í að rífa hluta Flataskóla, sem er steinhús samtals um 1.170 m². Hlutinn sem á að rífa er að meginhluta byggður á 1958 - 1963, viðbygging við suðurálmu er nýrri byggð á árunum 1992 -1993. Verkefnið á að vinna nú á sumarmánuðum og vera lokið 15. ágúst.

5. 2511091 - Opnun tilboða í útboð vegna gervigrasvalla á Ásgarðssvæðinu.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Garðabær - þrír vellir, endurnýjun gervigrass":

1. Altis ehf. - tilboð 3, kr. 268.960.284.
2. Altis ehf. - tilboð 2, kr. 282.949.284.
3. Altis ehf. - tilboð 1, kr. 290.107.926.
4. Metatron ehf., kr. 308.365.322.
5. Leiktæki og Sport ehf., kr. 338.994.756.
6. Laiderz, kr. 384.324.570.
7. Vallarverk ehf., kr. 448.869.000.

Kostnaðaráætlun var kr. 329.325.000. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Altis ehf. - tilboð 3, að fjárhæð kr. 268.960.284 (81,67% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

6. 2401526 - Holtsbúð 87 - samstarf um endurbætur og notkun hússins

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs gerði grein fyrir viðræðum við Setrið eignarhaldsfélag ehf. sem hlaut flest stig m.t.t. valforsendna útboðs og gæðapátta varðandi samstarfsverkefni um endurbætur, viðhald og rekstur Holtsbúðar 87 - Klaustrið.

7. 2512118 - Garðbæingurinn okkar árið 2025.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir ferlinu við val á Garðbæingnum okkar árið 2025. Dórnefnd skipa Sigurbjörg Helena Jónasdóttir, fyrrverandi formaður Kvenfélags Garðabæjar, Björgvin Jónússon, kennari í Álfstanesskóla og fyrrverandi framkvæmdastjóri UMFÁ og Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir söngkona.

Alls bárust 155 tilnefningar frá bæjarbúum.

Stefnt er að því að útnefning Garðbæingsins okkar árið 2025 verði í Sveinatungu fimmtudaginn 29. janúar kl. 17:00.

8. 2601430 - Bréf Alþingis varðandi þingsályktunartillögu um Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030, 322. mál.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda inn umsögn Garðabæjar vegna þingsályktunartillögunnar.

9. 2512400 - Bréf Samgöngustofu varðandi umsögn um geymslustað ökutækja vegna starfsleyfis Okkar Bílaleigu ehf., dags. 22.12.25.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að Okkar Bílaleigu ehf., kt. 490211-0390, Kaupþúni 6, Garðabæ, verði veitt starfsleyfi til að starfrækja útibú ökutækjaleigu að Kaupþúni 6 með allt að 250 bifreiðum, en um er að ræða starfsemi á vegum Toyota á Íslandi.

10. 2601333 - Bréf Golfklúbbsins Setberg varðandi niðurfellingu fasteignagjalda árið 2026,

dags. 19.01.26.

Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbum Setbergi styrk að fjárhæð kr. 608.202 til greiðslu fasteignagjalda árið 2026.

11. 2601334 - Bréf Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2026 dags. 16.01.26.

Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar styrk að fjárhæð kr. 11.708.399 til greiðslu fasteignagjalda árið 2026.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 27. janúar 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
4. (2199). fundur 2026

Þriðjudaginn 3. febrúar 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2512300 - Akrabraut 1 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Yrki eignum ehf., kt. 581113-1100, leyfi fyrir innri breytingar á atvinnurými að Akrabraut 1.

2. 2512028 - Haukanes 16 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigurði Inga Jóelssyni, kt. 220178-5549, leyfi fyrir breytingum á innra rými og skipulagi, utanhússklæðningu og þaki, ásamt breytingum á útisvæði að Haukanesi 16.

3. 2405512 - Þorraholt 2-4 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Heklu fasteignum ehf., kt. 631202-3060, leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi og lagfæringum stærða að Þorraholti 2-4.

4. 2501011 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Garðprýði 1 - Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. janúar 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahrauns sem nær til lóðarinnar Garðprýði 1 að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Einnig lagt fram erindi lögmanns umsækjanda þar sem brugðist var við þeim athugasemdum sem borist höfðu.

Skipulagsnefnd taldi að sjónarmið beggja aðila lægju ljós fyrir og að andmælaréttur hafi verið virtur á báða bóga.

Í greinargerð deiliskipulags Garðahrauns eru sett fram markmið deiliskipulagsins. Þar segir í kafla 1.5. "Þar sem framkvæmdir eru heimilar samkvæmt skipulaginu er lögð rík áhersla á að halda sem best sérkennum svæðisins og vernda hraumyndanir eftir því sem nokkur kostur er." Enn fremur segir í kafla 2.1.2. um nýtingarhlutfall: "Stærðin takmarkast fyrst of fremst af mikilvægum umhverfisþáttum hverrar lóðar og er ekki sjálfgefið að þessi rýmilegu mörk (þ.e. uppgefið nýtingarhlutfall) gildi í öllum tilfellum."

Í kafla 1.5. er vikið að þeim möguleika að skipta lóðum upp: "Gert er ráð fyrir þeim möguleika að lóðum Hrauns og Hrauntungu verði skipt í smærri lóðir, með sambærilegu skipulagi og hér

er fjallað um". Ljóst er að ekki var horft til möguleika að lóð Hraungarða (Garðprýði 1) yrði skipt upp, skv. greinargerð deiliskipulagsins.

Lóðin Garðprýði 1 er stærsta lóðin innan skipulagssvæðisins sem hefur verið skipulögð og stærri hluti hennar, allt að tveir þriðju, er skilgreindur sem svæði með hraunmyndunum sem taka þurfi tillit til við staðsetningu og útfærslu húss og lóðar. Það skýrist af því hve hraunmyndanir á lóðinni þar eru miklar og sérkennilegar og hafa áhrif á umhverfisgæði aðliggjandi húsa.

Viðbrögð eigenda aðliggjandi lóða hafa verið mjög afdráttarlaus og hafa þeir gengið út frá því að þeir myndu njóta þeirra gæða sem í hraunmyndunum felast til frambúðar. Þeim hefur verið bent á að byggingarreitur sá sem nú er til staðar hefði minnkað umtalsvert samkvæmt tillögunni þó svo að lóðinni yrði skipt í tvær lóðir. Afstaða eigenda aðliggjandi lóða er óbreytt, þó svo að síðari tillagan sem grenndarkynnt var geri ráð fyrir húsi á öðrum stað sem liggur neðar í lóðinni. Í svo viðkvæmu umhverfi þar sem áhersla er lögð á að varðveita náttúruleg sérkenni landslags er mikilvægt að sátt náist um framkvæmdir sem hafa áhrif á þau gæði sem leitast er við að varðveita. Skipulagsnefnd taldi að framlagðar tillögur hafi ekki náð fram því markmiði og sé fullreynt að reyna að skapa sátt um þær.

Í ljósi ofangreindra atriða hafnaði skipulagsnefnd grenndarkynntri tillögu.

5. 2509095 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt N - Dsk.br. leikskóla- og þjónustulóð.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. janúar 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðir fyrir búsetukjarna og leikskóla verði felldar út enda gerir tillaga að deiliskipulagi Hnoðrahólts suður, háholt ráð fyrir sömu lóðum á öðrum stað. Afmörkun deiliskipulagssvæðis hefur verið felld að afmörkun tillögu að deiliskipulagi Hnoðrahólts suður, háholt.

Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna sem breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2409103 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. janúar 2026 varðandi tillögu að deiliskipulagi Hnoðrahólts suður, háholts að lokinni auglýsingu og skoðun umhverfissviðs og skipulagsráðgjafa ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á tillögunni:

Einnar hæðar raðhús verða 18 í stað 11.

Tveggja hæða raðhús verða 22 í stað 30.

Parhús er fellt út úr tillögu.

Íbúðareiningar verða 75 í stað 77.

Gert er ráð fyrir staðsetningu dreifistöðvar rafmagns eins og minnst er á í umsögn Veitna.

Ýmsar minniháttar lagfæringar gerðar á greinargerð að tillögu umhverfissviðs og skipulagsráðgjafa.

Með breytingum á gerðum raðhúsa er komið til móts við athugasemdir sem borist hafa.

Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna með ofangreindum breytingum í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. 2410080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. janúar 2026 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, rammahluta Vífilsstaðalands sem nær til háholts Hnoðrahólts.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum: Tákn fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.05 S leikskóli) á háholti Hnoðrahólts er fellt út. Iðnaðarsvæði (4.22 I, hitaveitutankar) á háholti

Hnoðraholts er felld út. Gert verður ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.22 S) þar sem núgildandi skipulag gerir ráð fyrir hitaveitutönkum. Þar sem að fyrir liggur að Veitur telja ekki þörf á að gera ráð fyrir svæði efst á holtinu fyrir hitaveitutanka gefst færi á að staðsetja leikskóla á stað sem hefur kosti umfram þann stað sem núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Lögun og stærð landnotkunarreitanna (4.04.Íb) og (4.18 Op) breytist lítillega. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðraholts og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts norður. Athugasemdir og umsagnir gefa ekki tilefni til breytinga á tillögunni. Tillagan samþykkt óbreytt sem breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2601546 - Garðatorg - framkvæmdir í miðbæ.

Sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir framkvæmdum við göngugötu Garðatorgs og á yfirbyggðu Garðatorgi. Jafnframt fór hún yfir stöðu framkvæmda við þjónustuver Garðabæjar.

9. 2601547 - Hjallastefnan - samstarf um uppbyggingu á Víflsstöðum.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við Hjallastefnuna ehf. um uppbyggingu og útfærslu skólastarfs á Víflsstöðum.

10. 2601497 - Tilkynning frá stjórn EBÍ um reglur og umsóknarfrest Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 27.01.26.

Lagðar fram breytingar á reglum fyrir styrktarsjóð EBÍ, sem samþykktar voru af stjórn EBÍ í september 2025.

11. 2601521 - Bréf Sóknarnefndar Garðasóknar varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2026, dags. 28.01.26.

Bæjarráð samþykkir að veita Garðasókn styrk að fjárhæð kr. 881.175 til greiðslu fasteignagjalda árið 2026.

12. 2601522 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn, 305. mál, dags. 28.01.26.

Lagt fram.

13. 2601514 - Erindi Alþingis varðandi breytingu á þingsályktun nr.24/152 um áætlun, vernd og orkunýtingu landsvæða, 307. mál, dags. 28.01.26.

Lagt fram.

14. 2601523 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks, 311. mál, dags. 28.01.26.

Lagt fram.

15. 2601524 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils ofl.), 312. mál, dags. 28.01.26.

Lagt fram.

16. 2408215 - Stofnun nýrra félaga Sorpu bs. vegna ESA máls.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta tillögu sem felur í sér að SORPU bs. er heimilað að stofna tvo ný dótturfélög með takmarkaðri ábyrgð, sem munu taka yfir efnahagslega starfsemi Sorpu bs. í samræmi við sátt við ESA.

Annars vegar er um að ræða félag sem annast mun móttöku rekstrarúrgangs og rekstur urðunar og hins vegar félag sem annast mun rekstur GAJA og meðhöndlun lífræns úrgangs.

17. 2505268 - Miðgarður - skoðunarferð.

Bæjarráð heimsótti Miðgarð og kynnti sér aðstöðu í húsnæðinu og stöðu byggingaframkvæmda á 2. hæð Miðgarðs.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 3. febrúar 2026 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Leikskólanefnd Garðabæjar
37. fundur 2026

Miðvikudaginn 14. janúar 2026 kl. 15:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í miðrymi 3. hæð á bæjarskrifstofum Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra og Nicoleta Mihai fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029)

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri kynnti fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026.

2. 2601141 - Þróunarsjóður leikskóla 2026 - 2027

Kynntar voru tillögur að áherslum fyrir Þróunarsjóð leikskóla 2026. Tillögurnar voru samþykktar en leikskólanefnd lagði áherslu á að hægt væri að senda inn umsókn þó verkefnið falli ekki undir áherslur þróunarsjóðs þessa árs.

3. 2506455 - Leikskólar Starfsáætlun 2024-2025 Umbótaáætlun 2025-2026

Starfs- og umbótaáætlanir sjálfstætt starfandi leikskóla kynntar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanevnd Garðabæjar
68. fundur 2026

Föstudaginn 16. janúar 2026 kl. 08:30 kom menningar- og safnanevnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Torfi Geir Símonarson formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Laufey Arna Arnalds Johansen varamaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2601271 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ**
Umsókn hafnað.
2. **2601245 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ**
Styrkumsókn synjað.
3. **2601247 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ**
Styrkumsókn samþykkt, 200 þúsund króna styrkur veittur til verkefnisins en við bætist lán á húsnæði og tæknileg aðstoð.
4. **2601265 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ**
Styrkumsókn samþykkt.
5. **2601270 - Styrkur til menningarstarfsemi í Garðabæ**
Styrkumsókn hafnað
6. **2601238 - Menningardagskrá vor 2026**
Farið yfir menningardagskrá vorannar en hún var borin út til íbúa Garðabæjar þann 8. janúar síðastliðinn. Dagskrárbæklingurinn er aðgengilegur í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og í þjónustuveri auk þess sem skoða má dagskrána rafrænt á vef bæjarins.
7. **2601242 - Söngvavor**
Verkefnið Söngvavor kynnt en verkefninu lýkur þann 12. maí með söng yfir 200 leikskólabarna ásamt hljómsveit út Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir fara fram á Garðatorgi.
8. **2601008 - Tillaga bæjarstjórnar í tilefni af 50 ára afmæli Garðabæjar.**
Menningar- og safnanevnd fagnar tillögunni og hlakkar til að vinna að framgöngu menningar- og viðburðahúss.

9. 2501370 - Menningarstefna Garðabæjar

Menningar- og safnanefnd samþykkir að fá ráðgjafa til samstarfs við nefndina.

10. 2601256 - Safnanótt 2026

Dagskrá Safnanætur kynnt en fjölbreytt dagskrá verður á Bókasafni Garðabæjar og Hönnunarsafni Íslands.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

2. fundur 2026

Fimmtudaginn 29. janúar 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2203422 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til stígakerfis. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

2. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Dagný Bjarnadóttir gerði grein fyrir tillögu að deiliskipulagi Gálgahrauns og þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar.

Tillagan hefur verið löguð að tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til stígakerfis.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

3. 2410080 - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, rammahluta Vífilsstaðalands sem nær til háholts Hnoðraholts.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum: Tákn fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.05 S leikskóli) á háholti Hnoðraholts er felld út. Iðnaðarsvæði (4.22 I, hitaveitutankar) á háholti Hnoðraholts er felld út. Gert verður ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.22 S) þar sem núgildandi skipulag gerir ráð fyrir hitaveitutönkum. Þar sem að fyrir liggur að Veitur telja ekki þörf á að gera ráð fyrir svæði efst á holtinu fyrir hitaveitutanka gefst færi á að staðsetja leikskóla á stað sem hefur kosti umfram þann stað sem núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Lögun og stærð landnotkunarreitanna (4.04.Íb) og (4.18 Op) breytist lítillega.

Tillagan var auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðraholts og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts norður.

Athugasemdir og umsagnir gefa ekki tilefni til breytinga á tillögunni.

Tillagan samþykkt óbreytt sem breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2409103 - Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Hnoðraholts suður, háholts að lokinni auglýsingu og skoðun umhverfissviðs og skipulagsráðgjafa ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á tillögunni:

Einnar hæðar raðhús verða 18 í stað 11.

Tveggja hæða raðhús verða 22 í stað 30.

Parhús er felld út úr tillögu.

Íbúðareiningar verða 75 í stað 77.

Gert er ráð fyrir staðsetningu dreifistöðvar rafmagns eins og minnst er á í umsögn Veitna.

Ýmsar minniháttar lagfæringar gerðar á greinargerð að tillögu umhverfissviðs og skipulagsráðgjafa.

Með breytingum á gerðum raðhúsa er komið til móts við athugasemdir sem borist hafa.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindum breytingum í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 2509095 - Hnoðraholt N - Dsk.br. leikskóla- og þjónustulóð

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður að lokinni auglýsingu.

Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðir fyrir búsetukjarna og leikskóla verði felldar út enda gerir tillaga að deiliskipulagi Hnoðrahólts suður, háholt ráð fyrir sömu lóðum á öðrum stað.

Afmörkun deiliskipulagssvæðis hefur verið felld að afmörkun tillögu að deiliskipulagi Hnoðrahólts suður, háholt.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðbæjar, svæði I og II að lokinni auglýsingu

ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Lögð fram greinargerð

umhverfissviðs þar sem athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til úrvinnslu á umhverfissviði.

7. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Móa að lokinni auglýsingu ásamt þeim

athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Lögð fram greinargerð umhverfissviðs þar sem athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til úrvinnslu á umhverfissviði.

8. 2512424 - Kumlamýri 25-27 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um gerð hljóðmanar austan Kumlamýrar meðfram Álftanesvegi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsnefnd telur skynsamlegt að framlengja hljóðmön til suðurs eins og lagt er til í fyrirspurn og í umsögn deiliskipulagshöfundar. Hún liggi þó vestanmegin gömlu sveitarfélagsmarkanna.

Vísað til umhverfissviðs að koma með tillögu að útfærslu. Skipulagsnefnd felur skipulagsstjóra að sjá til þess að breyting deiliskipulags hljóti ferli í samræmi við heimildir embættisins.

9. 2501011 - Garðprýði 1 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahrauns sem nær til lóðarinnar Garðprýði 1

að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Einnig lagt

fram erindi lögmanns umsækjanda þar sem brugðist er við þeim athugasemdum sem borist hafa.

Skipulagsnefnd telur að sjónarmið beggja aðila liggi ljóst fyrir og að andmælaréttur hafi verið virtur á báða bóga.

Í greinargerð deiliskipulags Garðahrauns eru sett fram markmið deiliskipulagsins. Þar segir í

kafla 1.5. "Þar sem framkvæmdir eru heimilar samkvæmt skipulaginu er lögð rík áhersla á að halda sem best sérkennum svæðisins og vernda hraumyndanir eftir því sem nokkur kostur er." Enn fremur segir í kafla 2.1.2. um nýtingarhlutfall: "Stærðin takmarkast fyrst of fremst af mikilvægum umhverfisþáttum hverrar lóðar og er ekki sjálfgefið að þessi rýmilegu mörk (þ.e. uppgengið nýtingarhlutfall) gildi í öllum tilfellum."

Í kafla 1.5. er vikið að þeim möguleika að skipta lóðum upp: "Gert er ráð fyrir þeim möguleika að lóðum Hrauns og Hrauntungu verði skipt í smærri lóðir, með sambærilegu skipulagi og hér er fjallað um". Ljóst er að ekki var horft til möguleika að lóð Hraungarða (Garðprýði 1) yrði skipt upp, skv. greinargerð deiliskipulagsins.

Lóðin Garðprýði 1 er stærsta lóðin innan skipulagssvæðisins sem hefur verið skipulögð og stærri hluti hennar, allt að tveir þriðju, er skilgreindur sem svæði með hraunmyndunum sem taka þurfi tillit til við staðsetningu og útfærslu húss og lóðar. Það skýrist af því hve hraunmyndanir á lóðinni þar eru miklar og sérkennilegar og hafa áhrif á umhverfisgæði aðliggjandi húsa.

Viðbrögð eigenda aðliggjandi lóða hafa verið mjög afdráttarlaus og hafa þeir gengið út frá því að þeir myndu njóta þeirra gæða sem í hraunmyndunum felast til frambúðar. Þeim hefur verið bent á að byggingarreitur sá sem nú er til staðar hefði minnkað umtalsvert samkvæmt tillögunni þó svo að lóðinni yrði skipt í tvær lóðir. Afstaða eigenda aðliggjandi lóða er óbreytt, þó svo að síðari tillagan sem grenndarkynnt var geri ráð fyrir húsi á öðrum stað sem liggur neðar í lóðinni. Í svo viðkvæmu umhverfi þar sem áhersla er lögð á að varðveita náttúruleg sérkenni landslags er mikilvægt að sátt náist um framkvæmdir sem hafa áhrif á þau gæði sem leitast er við að varðveita. Skipulagsnefnd telur að framlagðar tillögur hafi ekki náð fram því markmiði og sé fullreynt að reyna að skapa sátt um þær.

Í ljósi ofangreindra atriða hafnar skipulagsnefnd grenndarkynntri tillögu.

10. 2507052 - Hagafliót 1 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að umsókn um byggingarleyfi sem vísað var til kynningar hjá nágrönnum ásamt þeim athugasemdum sem gerðar voru. Sú breyting hefur verið gerð á tillögunni að viðbygging austan við bílageymslu er 50 cm frá lóðarmörkum.

Skipulagsnefnd leggur til að breyting verði gerð á áður grenndarkynntri tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir því að byggingarreitur verði 50 cm frá lóðarmörkum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri leiði málið til lykta samkvæmt þeim heimildum sem embættið hefur um meðferð skipulagstillagna.

11. 2512363 - Lundaból - bílastæði

Lagt fram erindi foreldraráðs Lundabóls um öryggismál á bílaplani við leikskólann Lundaból. Erindi vísað til umhverfissviðs til skoðunar.

12. 2411312 - Hrísholt 1 - Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður sem nær til lóðarinnar Hríshólts 1 ásamt athugasemdum sem bárust við grenndarkynningu. Sjónarmið lóðarhafa lögð fram.

Máli vísað til úrvinnslu á umhverfissviði.

13. 2512264 - Skerpluholt 13 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu á bílskýli á bílastæði lóðarinnar að götu. Lagt fram minnsiblað deiliskipulagshöfundar.

Svar: Skipulagsnefnd telur að bílskýli á þessum stað skerði útsýni frá aðliggjandi lóðum og myndi auk þess veita óæskilegt fordæmi.

Svar við fyrirspurn er því neikvætt.

14. 2506615 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar, Krýsuvík - rannsóknarborholur - Umsögn

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, vegna rannsóknarborholna í Krýsuvík. Tillagan er í auglýsingu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

15. 2506617 - Krýsuvík, rannsóknarborholur lýsing deiliskipulag - ósk um umsögn

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi, vegna rannsóknarborholna í Krýsuvík. Svæðið sem tillagan nær til er vestan Krýsuvíkurveggar nyrst í lögsögu Hafnarfjarðar í Krýsuvík og er innan Reykjanesfólkvangs. Tillagan er í auglýsingu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

16. 2601029F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 1

16.1 2511232 - Framkvæmdarheimild - Sjóvarnir Álftanes

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdarleyfi vegna sjóvarnarverkefna á Álftanesi samkvæmt samgönguáætlun á eftirfarandi stöðum:

Hliðsnes, Höfðabraut við Hlið, Kasthúsatjörn og Blikastíg.

Framkvæmdarleyfi Náttúruverndarstofnunar liggur fyrir. Skipulagsstjóri samþykkir veitingu framkvæmdarleyfis fyrir gerð sjóvarna á Álftanesi sem eru í samræmi við framlögð gögn í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.2 2601240 - Hólmatún 59A - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna 15 m² stálgáms vegna dælu/hreinsistöðvar við Hólmatún.

Uppdráttir eru í samræmi við samþykkt deiliskipulag vegna dælu/hreinsistöðvar við Hólmatún. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða uppdrátti.

16.3 2601206 - Hraunhólar 6A - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi við Hraunhóla 6a. Hluti byggingar nær lítilsháttar út fyrir byggingarreit. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar, hvað ofangreint atriði varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.4 2304055 - Fífumýri 15 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lagðir fram uppfærðir uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir bílskúr við Fífumýri 15.

Uppdrættir gera nú ráð fyrir glugga og hurð á vesturhlið bílskúrs. Einnig hefur byggingarefni verið breytt.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og voru því fyrri uppdrættir grenndarkynntir í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þar sem skipulagslög kveða skýrt á um að ef ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið skal grenndarkynna umsókn um byggingarleyfi vísar skipulagsstjóri umsókninni til grenndarkynningar samkvæmt ofangreindri lagagrein. Grenndarkynna skal eigendum Fífumýrar 12, 13 og 14, Krókamýrar 13, 16 og 18 og 20 sem og Ljósamýrar 1 og 3. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.5 2601143 - Vesturhraun 3 - Deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðarinnar Vesturhraun 3. Gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits við húsagfl að sunnanverðu að götu. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði um vegghæð hækki úr 7,5 í 8,35 m. Tillagan er sett fram á breytingaruppdretti og fylgja með útlitstekningar af fyrirhugaðri viðbyggingu.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Breytt ákvæði um vegghæð skulu eingöngu ná til þeirra stækkunar hússins sem sett er fram í umsókn um byggingarleyfi. Grenndarkynna skal eigendum og lóðarhöfum að Vesturhrauni 1 og 5 og Suðurhrauni 3 og 12.

16.6 2509445 - Útholt 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Útholt 5-11, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri tekur undir ábendingu í umsögn hvað uppbrot girðinga/skjólveggja varða meðfram lóðarmörkum.

Skipulagsstóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis þegar lagfærður lóðaruppdráttur hefur borist.

16.7 2509045 - Stekkholt 8 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Stekkholt 8 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdretti.

16.8 2512453 - Stekkholt 16 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Stekkholt 16 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd um veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

- 16.9 2510424 - Stekkholt 31 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Stekkholt 31-41, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar og gatnahönnuða. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við minniháttar lagfæringar á lóðarblöðum í kjölfar samráðs gatna- og húshönnuðar um útfærslu.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlögð gögn.

- 16.10 2511468 - Urriðaholtsstræti 3 - prufu holur - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd.

- 16.11 2405512 - Þorraholt 2-4 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við lítilsháttar breytingar á aðaluppdráttum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
36. fundur 2026

Fimmtudaginn 15. janúar 2026 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Anna María Skúladóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara og Vera Rut Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2601137 - Fjarhagsáætlun 2026 - grunnskólar

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri Garðabæjar kynnti fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026.

2. 2510245 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026

Auglýsing Þróunarsjóðs grunnskóla 2026 lögð fram til kynningar.

3. 2405508 - Þrepaskipt skólaþjónusta í leik- og grunnskólum Garðabæjar

Grunnskólafulltrúi kynnti þrepaskipta skólaþjónustu í leik- og grunnskólum sem verið er að innleiða í skóla í Garðabæ. Þrepaskipt skólaþjónusta er heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólum þar sem þverfagleg teymi kennara og fagfólks skipuleggja stuðningsúrræði fyrir einstaka nemendur.

4. 2601138 - Gæða kennslustundir - innleiðing gæða kennslustunda í grunnskóla í Garðabæ

Grunnskólafulltrúi kynnti og sagði frá innleiðingu Gæða kennslustunda (STiP) í grunnskóla Garðabæjar. Farið var yfir STiP sem er faglegt efni sem styður kennara í að efla gæði kennslu. Efnið byggir á rannsóknum norrænna og alþjóðlegra fræðimanna, hefur verið þýtt og aðlagð að íslensku skólastarfi. Til kennslustundarárnis verður notað kerfið Bravo Lesson en það styður skólastjórnendur við skipulagðar vettvangsathuganir í kennslustundum, skráningu niðurstaðna og faglega endurgjöf til kennara.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
32 (22-26). fundur 2026

Miðvikudaginn 14. janúar 2026 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir varamaður, Eyþór Eðvarðsson aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2505501 - Almyrkvi á sólu

Sævar Helgi Bragason kynnti almyrkvann sem verður sjáanlegur frá Íslandi 12. ágúst 2026. Hægt verður að sjá almyrkvann frá Álftanesi í 1 mínútu og 9 sekúndur sem er lengsti tíminn á höfuðborgarsvæðinu.

2. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri kynnti breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar sem nær til Garðahverfis.

3. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarkna og byggingareita.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri kynnti breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis.

4. 2501034 - Gámar fyrir flugeldarusl

Dagana 1.-7. janúar var hægt að fara með flugeldarusl í þar til merкта gáma sem voru staðsettir á fjórum stöðum í bænum. Íbúar Garðabæjar voru hvattir til að hjálpast að við að hreinsa upp flugeldarusl og koma því á réttan stað. Íbúar voru duglegir að nýta sér gámana.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar

1. fundur 2026

Föstudaginn 30. janúar 2026 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Snædís Björnsdóttir lögfræðingur, Máni Geir Einarsson og Pála Marie Einarsdóttir deildarstjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2601160 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Samþykkt er að verða við beiðni um undanþágu frá ákvæði 23. gr. reglna um fjárhagsaðstoð í Garðabæ. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1903268 - Tölulegar upplýsingar í fjárhagsaðstoð

Tölfræði vegna fjárhagsaðstoðar á árinu 2025 lögð fram til umræðu og kynningar.

3. 2512403 - Endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð í Garðabæ 2026

Velferðarráð gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi drög að endurskoðuðum reglum um fjárhagsaðstoð í Garðabæ og vísar málinu til afgreiðslu bæjarráðs.

4. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti

Teikning af búsetukjarna fyrir fatlað fólk, að Haustbraut 2, og deiliskipulag Sólholts lagt fram til umræðu og kynningar. Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, sat fundinn undir þessum lið.

5. 2509275 - Endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks

Drög að endurskoðaðri stefnu í málefnum fatlaðs fólks í Garðabæ lögð fram til kynningar og umræðu.

6. 2101189 - Samráðsfundir velferðarsviða hjá SSH

Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál frá desember 2025 lögð fram til kynningar.

7. 2402285 - Farsæld barna

Innleiðing farsældarlaga - Stöðuskýrsla og aðgerðaáætlun 2024-2025 lögð fram til kynningar.

8. 2509268 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2025

Þjónustukönnun Gallup 2025, Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar

kynnti niðurstöður könnunar og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**55. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 19. janúar 2026
og hófst hann kl. 13:42.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmsdóttir formaður eigendavettvangs setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Forsaga málsins:

Á 52. eigendafundi Sorpu bs. sem haldinn var hinn 18. nóvember 2024 var eftirfarandi fært í fundargerð:

"Á 508. fundi stjórnar Sorpu bs. sem haldinn var 6. nóvember sl. var eftirfarandi bókað vegna umræðu um undirbúningsvinnu vegna stofnunar undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi. Undirbúningsfélagið er samstarfsverkefni Sorpu bs., Kölku sf. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis:

„Stjórn samþykkir að SORPA bs. taki þátt í stofnun Undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi með Kölku sf. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram og kynna jafnframt á eigendafundi byggðasamlagsins.“

Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH tilnefnir Pál Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóra SSH í stjórn undirbúningsfélagsins."

Á 523. stjórnarfundum Sorpu bs. sem fram fór 10. desember 2025 var eftirfarandi bókað:

„Stjórn SORPU bs. veitir framkvæmdastjóra heimild til þess að stofna Undirbúningsfélag um hátæknibrennslu á Íslandi ehf. á þeim forsendum sem kynntar hafa verið í erindi dags. 10. des. 2025. Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að upplýsa eigendavettvang samlagsins um stofnun félagsins og þær forsendur sem henni liggja til grundvallar. Stjórn undirbúningsfélagsins verður skipuð þremur fulltrúum, tveimur frá SORPU bs. og einum frá Kölku sf. Fulltrúar SORPU í stjórn félagsins verða Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.“



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umfjöllun fundarins:

Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu bs., sem lagt var fyrir 523. fund stjórnar Sorpu bs. vegna málsins.
Framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir.

Niðurstaða:

Umræður. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:05.

Fullgild rafræn undirskrift

VALDIMAR VÍÐISSON

Kennitala: 100978-3509

2025-11-11 09:24:09 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GUNNAR VALUR GÍSLASON

Kennitala: 060358-6809

2025-11-11 11:58:37 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR

Kennitala: 201260-2489

2025-11-11 10:29:40 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON

Kennitala: 200664-2139

2025-11-25 17:18:03 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR

Kennitala: 190688-2599

2025-11-11 10:49:20 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SÆVAR BIRGISSON

Kennitala: 150288-2319

2025-11-11 11:41:23 GMT

Ástæða: Undirskrift



FUNDARGERÐ 522. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 10. nóvember 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna kæru ÍGF

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Dóra Sif Tynes, lögmenn, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Gestir kynna minnisblað um upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna kæru Íslenska gámafélagsins (ÍGF) á hendur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna útboðsskilmála sorphirðu. Upplýsingabeiðninni verður svarað eigi síðar en 19. nóvember nk., þegar frestur til svara rennur út.

2. Minnisblað um stöðu dómsmáls ÍGF gegn SORPU

Haraldur Flosi Tryggvason Klein gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu dómsmáls ÍGF á hendur SORPU bs. vegna útboðs árið 2023 á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu.

3. Undirbúningsfélag fyrir hátækniþrengslu á Íslandi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu stofnunar undirbúningsfélags um hátækniþrengslu á Íslandi. Málið verður lagt fram til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

4. Níu mánaða uppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir níu mánaða óendurskoðuðu árshlutauppgjöri SORPU bs.

5. Endurvinnslustöð við Glaðheima

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir tillögu að stærð og hugmyndir að útliti endurvinnslustöðvar við Glaðheima.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna stöðu málsins fyrir Kópavogsbæ og halda áfram viðræðum um úthlutun lóðar fyrir endurvinnslustöð við Glaðheima.

6. Hagræðingaraðgerðir í rekstri endurvinnslustöðva

Fjármálastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir minnisblaði um hagræðingaraðgerðir í rekstri endurvinnslustöðva.

Stjórn vísar málinu til afgreiðslu á næsta fundi.

7. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Stefnuráð fundaði föstudaginn 7. nóvember sl. og ræddi fyrirhugaða uppskiptingu SORPU á grundvelli ákvörðunar ESA.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 10. desember klukkan 18:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:30.

FUNDARGERÐ 523. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 10. desember 2025. Fundurinn er settur klukkan 18:00. Fundurinn er staðfundur að Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Margrét Bjarnadóttir (vm), Orri Vignir Hlöðversson, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson. Svana Helen Björnsdóttir boðar forföll.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Upplýsingatækniöryggi - NIS2 vegferð SORPU

Heiðbjört Vigfúsdóttir, upplýsingatæknistjóri SORPU, tekur sæti á fundinum undir liðum 1 og 2. Upplýsingatæknistjóri kynnir NIS2 og þær aðgerðir sem SORPA mun grípa til til að standa undir þeim kröfum sem líklegt er að löggjöfin setji á samfélagslega mikilvæg innviðafyrirtæki á borð við SORPU.

2. Stefnur í upplýsingatækni lagðar fram til kynningar

Upplýsingatæknistjóri gerir grein fyrir upplýsingatæknistefnum sem lagðar eru fram til kynningar. Undir upplýsingatæknistefnu SORPU falla meðal annars upplýsingaöryggisstefna, gervigreindarstefna og persónuverndaryfirlýsing SORPU.

3. Hagræðingaraðgerðir í rekstri endurvinnslustöðva

Fjármálastjóri og sviðsstjóri þjónustu og samskiptasviðs gera grein fyrir tækifærum til hagræðinga í rekstri endurvinnslustöðva.

Minnisblað um hagræðingaraðgerðir lagt fram.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að grípa til þeirra hagræðingaraðgerða sem fjallað er um í minnisblaðinu.

Fullgild rafræn undirskrift

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON

Kennitala: 200664-2139
2026-01-15 08:34:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

SORPA bs. | Köllunarklettsvegur 1 | 104 Reykjavík | sorpa@sorpa.is | www.sorpa.is | +354 520 2200

Fullgild rafræn undirskrift

MARGRÉT BJARNADÓTTIR

Kennitala: 190791-3199
2026-01-14 10:03:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

VALDIMAR VÍÐISSON

Kennitala: 100978-3509
2026-01-14 10:28:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR

Kennitala: 190688-2599
2026-01-14 10:47:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SÆVAR BIRGISSON

Kennitala: 150288-2319
2026-01-14 18:14:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

4. Undirbúningsfélag um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu stofnunar undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu.

Stjórn SORPU bókar:

„Stjórn SORPU bs. veitir framkvæmdastjóra heimild til þess að stofna Undirbúningsfélag um hátæknibrennslu á Íslandi ehf. á þeim forsendum sem kynntar hafa verið í erindi dags. 10. des. 2025. Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að upplýsa eigendavettvang samlagsins um stofnun félagsins og þær forsendur sem henni liggja til grundvallar.

Stjórn undirbúningsfélagsins verður skipuð þremur fulltrúum, tveimur frá SORPU bs. og einum frá Köllu sf. Fulltrúar SORPU í stjórn félagsins verða Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.“

5. Áframhald ESA-verkefnis, stofnun starfshóps

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu ESA-verkefnisins. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild stjórnar til að stofna starfshóp um vinnu og innleiðingu ESA-verkefnisins. Áður en hópurinn verður stofnaður verður framkvæmd verðkönnun til að tryggja hagstæðust kjör á ráðgjöfum hópsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að stofna starfshóp til að vinna að innleiðingu ESA-verkefnisins.

6. Endurvinnslustöð við Glaðheima

Sviðsstjóri þjónustu og samskiptasviðs gerir grein fyrir samskiptum SORPU og skipulagsyfirvalda í Kópavogi. Starfsmenn SORPU gengu á fund fulltrúa skipulagsyfirvalda í Kópavogi og kynntu uppfærða tillögu að lóð og útliti fyrirhugaðrar endurvinnslustöðvar við Glaðheima.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og funda með bæjaryfirvöldum í Kópavogi um framtíð endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg, sem áætlað er að loki 1. febrúar næstkomandi.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir skýrslu framkvæmdastjóra.

Kynningin fylgir fundargerð.

8. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Lagt til að breyta gjaldskrá endurvinnslustöðva þannig að „501620910 Raf- og rafeindatæki frá daglegum rekstri“ og „1501617910 Raf- og rafeindatæki frá rekstri“ verði alfarið gjaldfrjálsir. Nú er rukkað álagsgjald fyrir magn umfram tvo rúmmetra.

Stjórn samþykkir breytinguna.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 14. janúar 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 20:00.

FUNDARGERÐ 524. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 14. janúar 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Árangur af hagræðingaraðgerðum

Fjármálastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um sparnað af innvistunaraðgerðum til sparnaðar innan SORPU.

Stjórn bókar:

„Stjórn fagnar þeim árangri sem starfsfólk SORPU hefur náð með hagræðingaraðgerðum á árinu 2025 að ná fram sparnaði við ýmis verkefni um rúmar 313 milljónir króna. Verkefni sem áður kostaði um 475 milljónir að vinna kosta nú um 161 milljón. Um 66% samdrátt í kostnaði er að ræða, og hvetur stjórn stjórnendur SORPU til að halda áfram að leita leiða til að draga úr kostnaði við rekstur SORPU, íbúum á höfuðborgarsvæðinu til hagsbóta.“

Minnisblað fylgir fundargerð.

2. Málefni Metan ehf.

Framkvæmdastjóri SORPU gerir grein fyrir stöðu metanbifreiðaeldsneytis eftir álagningu kílómetragjalds á bifreiðar og stöðu samtals við fjármálaráðuneytið. Vinna er hafin við að finna leiðir til að lækka verð og álögur á metanbifreiðaeldsneyti.

3. Söfnun, meðhöndlun og sala á textílúrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu á söfnun, meðhöndlun og sölu á

Fullgild rafræn undirskrift
SÆVAR BIRGISSON
Kennitala: 150288-2319
2026-01-14 18:16:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2026-01-15 08:35:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavík | sorpa@sorpa.is | www.sorpa.is | +354 520 2200

Fullgild rafræn undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2026-01-14 10:11:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2026-01-14 10:29:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR VALUR GÍSLASON
Kennitala: 000358-6809
2026-01-14 10:31:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR
Kennitala: 190688-2599
2026-01-14 10:46:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna dýpri greiningar á söfnun, meðhöndlun og möguleikum þess að auka innlend endurnot á textíl með hagkvæmum hætti.

4. Skipulag SORPU bs. – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir áformum um breytingar á skipulagi SORPU bs., sem miða að því að skýra hlutverk, ábyrgð og auka skilvirkni. Þetta er gert til að styðja við umbreytingu SORPU í hringrásarfyrirtæki eins og eigendastefna og sátt við ESA boða.

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að tillögur í tengslum við ESA málið verði kláraðar á stjórnarfund í mars.

5. Starfsáætlun stjórnar

Lovísa Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum.

Framkvæmdastjóri og formaður gera grein fyrir drögum að starfsáætlun stjórnar.

Rætt var um siðareglur og starfsreglur stjórnar og tengingar þeirra við fyrirsjáanlegar breytingar á SORPU vegna ESA málsins sem og tengingu þessara reglna við reglur Viðskiptaráðs um góða stjórnarhætti.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að rýna gildandi starfsreglur stjórnar og horfa til þeirra við ritun uppfærðra starfsreglna.

Stjórn samþykkir starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2026 með þeirri breytingu að ESA málið verði einnig tekið fyrir á fundi stjórnar í mars og maí.

6. Starfsleyfi urðunarstaðar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir nýju starfsleyfi urðunarstaðar SORPU bs. í Álfsnesi. Starfsleyfi er veitt til ársins 2035, þrátt fyrir að SORPA hafi óskað eftir leyfi til 31. desember 2030, en þann dag mun SORPA hætta urðun í Álfsnesi í samræmi við viðauka við eigendasamkomulag SORPU.

Stjórn SORPU bókar:

„Stjórn SORPU áréttar að þrátt fyrir að urðunarstaður SORPU í Álfsnesi hafi starfsleyfi til ársins 2035, þá hafi SORPA engin áform um að urða úrgang í Álfsnesi lengur en til 31. desember 2030, eins og kveðið er á um í viðauka við eigendasamkomulag, dags. 6. nóvember 2023. Í honum er kveðið á um að SORPA hætti meðal annars að urða lífrænan og lyktarsterkan úrgang, sem og blandaðan úrgang. Þennan úrgang var hætt að urða í lok árs 2023.“

7. Stefnur SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að upplýsingatæknistefnu, gervigreindarstefnu og tæknistefnu SORPU til afgreiðslu.

Stjórn samþykkir stefnurnar.

8. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Framkvæmdastjóri upplýsir um að gasblaðra við GAJU hafi sprungið í óveðri aðfaranótt mánudagsins 12. janúar. Gasblaðran er millilager og sveiflujöfnunartæki í gasframleiðslunni. Afleiðingar þessa eru að tengja þarf gerjunartanka við GAJU beint inn á gashreinsistöð, sem veldur því að vakta þarf starfsemina betur til að tryggja gæði metangassins. Gert er ráð fyrir að ný gasblaðra verði sett upp í maí.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 11. febrúar 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:47.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**621. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 19. janúar 2026
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmsdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Kynning og umræður um stöðu mála varðandi fyrirkomulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og starfsemi nýs félags, Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. Fyrirliggjandi er tímalína hvað varðar stofnun nýs félags og flutning verkefna til þess auk minnisblaðs lögfræðings SSH um framvindu einstakra verkþátta.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður. Skrifstofu SSH er falið að boða til fundar Stefnuráðs byggðasamlaganna til kynningar og yfirferðar málsins. Slíkar kynningar fari einnig fram fyrir borgar- og bæjarráðum sé þess óskað.

2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Á vettvangi stjórnar Betri samgangna ohf. hefur komið fram tillaga um stofnun ráðgjafahóps varðandi veghaldara (sveitarfélaganna og ríkisins) sem myndi starfa með Betri samgöngum við að meta mismunandi útfærslur með viðhald og rekstur til framtíðar í huga. Framkvæmdastjóri kynnir.

Jafnframt er fyrirliggjandi sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. desember 2025, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Skýrslan hefur þegar verið send aðildarsveitarfélögunum til kynningar.

Niðurstaða:

Umræður. Stjórn samþykkir stofnun slíks ráðgjafarhóps og er framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilnefningum vegna hans.

3. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins dags. 22. desember 2025 þar sem tilkynnt er um skiptingu framlaga til sóknaráætlana landshluta árið 2026 ásamt fylgiskjöllum.

Einnig er fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins dags. 13. janúar 2026 varðandi viðbótarframlag á árinu 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

4. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 433. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 17. desember 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:41.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**13. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn Skrifstofa SORPU á 4. hæð, Köllunarklettsvegi 1, föstudaginn 7.
nóvember 2025
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, Almar Guðmundsson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Birgisson, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Heiða Björg Hilmsdóttir formaður Stefnuráðs byggðasamlaganna setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamla - 2309018

Ofangreint mál var einnig til umræðu á 9., 11. og 12. fundum Stefnuráðs. Tillögur vinnuhóps að útfærslum til að mæta ákvörðun ESA í máli nr. 81738, er varðar færslu efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. undan byggðasamlagsforminu liggja fyrir.

Kynning þeirra fór fram á 614. fundi stjórnar SSH og var þá eftirfarandi bókað sem niðurstaða í fundargerð vegna málsins: "Stjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögu til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna að fenginni kynningu og umræðu í stefnuráði."

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnti fyrirbyggjandi tillögu.

Er framangreint lagt fram til kynningar og umræðu stefnuráðs og lagt til að tillögunum verði vísað til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu að því loknu.

Umræður. Til máls tóku Regína Ásvaldsdóttir, Heiða Björg Hilmsdóttir, Halldór Þorkelsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Jón Viggó Gunnarsson, Þórhallur Hákonarson, Lovísa Jónsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Gunnar Dofri Ólafsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Valdimar Birgisson.

Gestir

Lovísa Jónsdóttir verkefnastjóri lögfræði og stjórnsýslu hjá Sorpu bs.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptapróunarstjóri Sorpu bs.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Halldór Þorkelsson ráðgjafi, Arcur.

Þröstur Sigurðsson ráðgjafi, Arcur.

Niðurstaða:

Stefnuráð byggðasamlaganna fellst fyrir sitt leyti á að fyrirliggjandi tillögum verði vísað til afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna og fylgt eftir þar með frekari kynningu af hálfu Sorpu bs. og vinnuhópsins verði eftir því leitað.

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stefnuráðs sleit fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

420. fundur

Föstudaginn 23. janúar 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Skúlagata- upplýsingar
2. Frítt fyrir ungmenni – tillaga frá ungmennaráðum - ákvörðun
3. Uppfærsla á vef Strætó.is kynning
4. Öryggismál kínverskir vagnar kynning
5. Nýtt félag, samningar og starfsmannamál upplýsingar
6. Ársfundur/aðalfundur, ákveða dagsetningu – ákvörðun
7. Fundur ungmennaráði Reykjavíkur - upplýsingar

1. Skúlagata - endastöð

Framkvæmdastjóri fór yfir hvaða aðgerða hefur verið gripið til á endastöðinni á Skúlagata. Farið var yfir hljóðmælingar á vögnum, en þær gefa til kynna að hávaði sé innan marka.

Stjórn felur framkvæmdastjóra, að höfðu samráði við Reykjavíkurborgar með það að markmiði að kanna hvaða úrræði standa til boða við endastöðina á Skúlagötu.

2. Frítt fyrir ungmenni

Tekin fyrir tillaga frá ungmennaráði Kópavogs og ungmennaráði Grafarvogs um frítt fyrir ungmenni í Strætó. Áætluð skipting kostnaðar eftir sveitarfélögum má sjá í meðfylgjandi töflu

Áætluð kostnaðarskipting ef frítt upp að 16 ára aldri.

Árið 2026

Áætlaðar tekjur af 12 til 15 ára.

300.000.000

	Áætluð skipting
Reykjavíkurborg	167.361.198
Kópavogur	48.288.865
Hafnarfjörður	38.019.642
Garðabær	24.260.210
Mosfellsbær	16.540.504
Seltjarnarneskaupstaður	5.529.582
	300.000.000

3. Strætó.is

Framkvæmdastjóri fór yfir uppfærslu á vef straeto.is. Vefurinn verður notendavænni og upplýsingar til viðskiptavina betri og markvissari.

4. Öryggismál vagna

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu rannsóknar sem Ruter sem er almenningssamgöngufyrirtæki í Osló gerði á Yutong vögnum. Farið var yfir hvaða ráðstafana Strætó hefur gripið til. Stjórnendur Strætó meta áhættu af misnotkun gagna eða vagna litla miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar.

5. Nýtt félag

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu verkefna og samninga vegna stofnunar nýs félags.

6. Ársfundur og aðalfundur Strætó

Stefnt er að því að ársfundur og aðalfundur Strætó verði haldnir 26. mars 2026.

7. Fundur ungmennaráði Reykjavíkur - upplýsingar

Alexandra og framkvæmdastjóri fóru yfir fund með ungmennaráðum Reykjavíkur.

Fundi slitið 09:25

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

Fundargerð

277. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á Hótel Nordica, föstudaginn 9. janúar 2026, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Ásdís Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Orri V. Hlöðversson, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Heiða Björg Hilmisdóttir var fjarverandi sem og varamaður hennar. Valdimar Víðisson stýrði fundi í fjarveru formanns og varaformanns. Orri V. Hlöðversson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Starfsáætlun stjórnar 2026 - 2601010

Starfsáætlun um fundardaga og helstu viðfangsefni stjórnarfunda ársins lögð fram.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 277 1.1 Starfsáætlun stjórnar 2026.pdf

2. Mat á endurskoðun starfs- og_eða siðareglna stjórnar - 2601012

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er metið hvort þörf sé talin á því að endurskoða starfs- og/eða siðareglur stjórnar. Siðareglur stjórnar voru síðast samþykktar í október 2022 og starfsreglur í október 2024.

Niðurstaða

Stjórn telur ekki þörf á endurskoðun starfs- eða siðareglna stjórnar að þessu sinni.

3. Mat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra - 2601013

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er farið yfir hvort þörf sé á að fá innri endurskoðun eða annan utanaðkomandi aðila til þess að leggja mat á störf stjórnar eða slökkviliðsstjóra, sbr. kafla 10 í starfsreglum stjórnar.

Niðurstaða

Stjórn telur ekki ástæðu til þess að láta framkvæma mat á störfum stjórnar eða slökkviliðsstjóra á þessu ári. Lagt er til að miðað verði við að slíkt mat fari fram á miðju kjörtímabili hverju sinni.

4. Mat á framsetningu gagna til stjórnar - 2601014

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er farið yfir hvort innri endurskoðun eða annar

utanaðkomandi aðili verði fenginn til þess að fara yfir framsetningu skriflegra upplýsinga sem slökkviliðsstjóri veitir stjórn um rekstur SHS og fjárhagsstöðu eða hvort stjórn leggi mat á það sjálf hvort gögnin séu fullnægjandi til þess að stjórnin geti rækt sínar skyldur, sbr. gr. 4.4 í starfsreglum stjórnar.

Niðurstaða

Stjórn telur framsetningu gagna slökkviliðsstjóra sl. ár hafa verið fullnægjandi til þess að henni hafi verið gert kleift að rækja skyldur sínar. Ekki er talin þörf á að fá utanaðkomandi aðila til þess að leggja mat á gögnin að þessu sinni.

5. Aðalfundur 2026 - 2601015

Samkvæmt starfsreglum stjórnar ber að halda aðalfund fyrir 1. desember ár hvert og taka þarf ákvörðun um dagsetningu hans.

Niðurstaða

Frestað. Stjórn telur að það gæti verið skynsamlegt að breyta fyrirkomulagi aðalfunda byggðasamlaga aftur í fyrra form og halda þá sameiginlega. Formanni stjórnar er falið að taka málið upp á vettvangi SSH.

6. Árleg eftirlitsáætlun SHS 2026 - 2601016

Í samræmi við reglugerð skal eftirlitsáætlun slökkviliðsstjóra vegna eldvarnaskoðana forvarnasviðs fyrir ár hvert liggja fyrir 1. febrúar ár hvert og er sviðið að leggja lokahönd á hana. Aldís Rún Lárusdóttir sviðsstjóri forvarnasviðs fer yfir forsendur áætlunarinnar og skoðunaraðferðir.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 277 6.1 Minnisblað - Eftirlitsáætlun 2026.pdf

7. Breyting á stjórn SHS í janúar 2026 - 2601011

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur tilnefnt Alexöndru Briem sem varafulltrúa í stjórn SHS í stað Dóru Bjartar Guðjónsdóttur.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 277 7.1 Kosning í stjórn - Tilkynning um afgreiðslu borgarstjórnar.pdf

8. Önnur mál 2026 - 2601007

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:00.

Orri V. Hlökkversson

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

Þór Sigurgeirsson